

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, að Gauksmýri,  
miðvikudaginn 3. febrúar 2010, kl. 13.00**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni K. Þórisson, Pétur Jónsson, Elín R. Líndal og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Einnig sat Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV, fundinn undir fyrsta lið.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

**1. Drög að nýjum menningarsamningi**

Menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem undirritaður var 1. maí 2007, rann út um síðustu áramót. Nú hafa borist drög að nýjum samningi frá ráðuneytum mennta- og menningarmála og ferðamála og er sá samningur til eins árs.

Menningarráð fór yfir samningsdrögin, ráðið er almennt samþykkt fyrirbyggjandi drögum en leggur til nokkrar orðalagsbreytingar. Málinu var síðan vísað til stjórnar SSNV sem hefur samningsumboðið fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Menningarráðið beinir því einnig til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að framlengja til ársloka 2010 núverandi samstarfssamning sveitarfélaganna um menningarmál en sá samningur rann út um síðustu áramót.

**2. Fjárhagsyfirlit ársins 2009**

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðayfirlit um rekstur menningarráðsins á árinu 2009. Niðurstöðutölur eru í samræmi við áætlun.

**3. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði sá sami og árið 2009. Nokkrar umræður urðu um drögin og leiðir til sparnaðar. Elín ræddi möguleika á auknu samstarfi SSNV Atvinnuþróunar og menningarráðs til hagræðingar. Drögin voru síðan samþykkt með fyrirvara um útfærslu á nýjum menningarsamningi við ríkið.

**4. Menningarstyrkir f. árið 2010**

Fyrir fundinum lágu drög að úthlutunarreglum fyrir árið 2010. Umsóknarfrestir eru tveir, 15. mars og 15. september. Nokkrar breytingar voru gerðar á drögunum en þau síðan samþykkt. Þar sem ekki næst að ganga frá nýjum menningarsamningi við ríkisvaldið í tíma þá verður fyrri úthlutun auglýst með fyrirvara um að samningar náist.

**5. Fundur formanna og menningarfulltrúa menningarráða**

Formaður sagði frá fundi formanna allra menningarráða landshlutanna og menningarfulltrúa þeirra sem haldinn var í Reykjavík 21. og 22. janúar sl.

**6. Önnur mál**

Menningarfulltrúi kynnti hugmynd um leiklistarhátíð ungs fólks á Norðurlandi sem stefnt er að því að halda á næsta skólaári.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.30.  
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.